

Mál nr. 352/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar X

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 28. október 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 18. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 17. nóvember 2021, er hann var að störfum sem hlaðmaður hjá X, orðið fyrir slysi. Er slysið varð hafi M verið staddur í farþegarými flugvélar X, en hann hafi farið upp í vélina með því að ganga upp stigapall sem var festur við dyr vélarinnar. Samkvæmt venju hafi pallurinn verið festur við hægri inngang vélarinnar. Er M hafði lokið vinnu sinni inni í vélinni hafi hann ætlað sömu leið út, en þá hafi verið búið að fjarlægja pallinn og öðrum stigapalli verið komið fyrir hinum megin við vélina, þ.e. vinstra megin. Hafi sá pallur verið of lágur og að álitu M ekki af þeirri tegund sem hentaði fyrir þessa tilteknu gerð flugvélar. Hefði átt að setja tröppu ofan á pallinn, eða nota rétta gerð af palli, svo starfsmenn kæmst út úr vélinni án þess að þurfa að stökkva niður á pallinn. Hafi M reynt að ná sambandi við samstarfsfólk sitt svo laga mætti pallinn en það hafi ekki tekist. Hafi M því ákveðið að stökkva niður á pallinn með þeim afleiðingum að hann meiddist á vinstra fæti, en í stökkinu reyndi hann að hlífa hægra fæti vegna eldri meiðsla. Hafi hann þó ákveðið að harka af sér og halda vinnu sinni áfram og það hafi ekki verið fyrr en hann steig niður úr annarri flugvél síðar sem ljóst varð að ekki væri allt með felldu. Síðar hafi komið í ljós að hann var sköflungsbrottinn. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu X enda verði slys hans rakið til saknæms og ólögðmæts vanbúnaðar á vinnustað. Bæði hafi verið um að ræða ranga gerð palls, sem ekki hafi hentað umræddri flugvél, auk þess sem frágangur hans hafi verið óforsvaranlegur. Væntanlega sé þar um að kenna gáleysi annarra starfsmanna X, sem X beri ábyrgð á. Hægur vandi hefði verið fyrir X að koma í veg fyrir slysið með notkun réttis búnaðar auk þess sem X hefði getað stuðlað að réttu verklagi og þjálfun starfsmanna. Umræddur vanbúnaður sé þá alfarið á ábyrgð X og ekki við M að sakast í þeim efnum, sbr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993. Máli sínu til stuðnings vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og reglna settra með stoð í þeim.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að misræmi sé í frásögnum af atvikum. Þannig sé því annars vegar, í bréfi lögmanns M dags. 22. október 2022 og í tjónstilkynningu dags. 24. október 2022, haldið fram að sami pallur hafi verið færður til og hins vegar, í málskoti til nefndarinnar, að um annan stigapall sem hafi verið rangrar gerðar, hafi verið að ræða. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi pallurinn sjálfur verið í réttu stöðu en hugsanlega hafi trappa ekki verið sett við vélina. Af ljósmyndum megi þá ráða að ekki sé mikill hæðarmunur frá efri hluta tröppu að pallinum og því í raun óheppni að M hafi slasast við fallið. Þá hafi X sérstaklega grennslast fyrir um það hjá M hvern hann hefði hringt í til að óska eftir aðstoð en þá hafi hann ekki kannast við að hafa hringt í neinn. Margir starfsmenn hafi verið að vinna við umrædda flugvél og því hefði alltaf verið hægt að fá aðstoð hefði M borið sig eftir því, enda hafi allur búnaður til að fyrirbyggja atvikið verið fyrir hendi. Hafi M því verið í lófa lagið að tryggja eigið öryggi með því að bíða eftir aðstoð. Hann hafi hins vegar tekið þann kost að stökkva á pallinn þrátt fyrir að hann væri tæpur í hægra fæti og að því er virðist án þess að leita eftir aðstoð samstarfsmanna. Þá hafi X ekki fengið vitneskju um atvikið fyrr en löngu síðar, en M hafi ekki verið frá vinnu strax eftir atvikið og ekki leitað læknis fyrr en átta dögum eftir að það átti sér stað. Hafi því ekki stofnast tilkynningarskylda X í skilningi 79. gr. laga nr. 46/1980 og verði því ekki vikið frá almennum sönnunarreglum í málinu. Sönnunarbyrði þess að tjón hans verið rakið til saknæmrar háttsemi eða vanrækslu af hálfu X hvíli því á M og slík sönnun hafi ekki tekist.

Álit.

Í málskoti kemur fram að varakrafa M sé sú að hann fái í öllu falli bætur úr slysatryggingu launþega X hjá V. Í bréfi V kemur fram að fallist hafi verið á bótarétt úr slysatryggingu launþega með tölvupósti dags. 30. júní 2022. Þar sem þeirri staðhæfingu hefur ekki verið mótmælt af hálfu M verður að líta svo á að ekki sé uppi ágreiningur um bótarétt úr slysatryggingu launþega. Kemur sá þáttur málsins, svo og röksemdir M vegna hans, því ekki til frekari skoðunar.

Sönnunarbyrði þess að tjón hans verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M og er slík sönnun forsenda þess að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X sé fyrir hendi. Af gögnum málsins verður ekki ráðið með vissu hvenær óvinnufærni M vegna slyssins kom til en fyrir liggur að hann leitaði fyrst til læknis vegna þess hinn 25. nóvember 2021, eða átta dögum síðar, og svo virðist sem brot í sköflungi hafi ekki greinst fyrir en einhverjum vikum eftir það. Verður það því ekki metið X til sakar að hafa ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu samdægurs um atvikið, sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980, og verður hallinn af sönnunarskorti af þeim sökum ekki lagður á X.

Fyrir nefndinni liggja svör X til V þar sem kemur fram að fyrir þá flugvél sem um ræði þurfi að setja pall og einnig tröppu svo hægt sé að fara inn í vélina. Þetta hafi verið réttilega framkvæmt hægra megin þar sem M fór inn í vélina en ekki hafi verið búið að setja tröppu vinstra megin þar sem M fór út úr vélinni. Verður að telja að þessi lýsing sé í því samræmi við frásögn M í málskoti að rétt sé að byggja á henni, en engar frekari lýsingar, ljósmyndir, eða vitnisburðir liggja fyrir nefndinni. Af frásögn M í málskoti má þá jafnframt ráða að hann hafi gert sér grein fyrir því að varhugavert væri að stökkva niður á pallinn án þess að trappa væri ofan á honum. Í bréfi V til nefndarinnar, en þeim staðhæfingum hefur ekki verið mótmælt af hálfu M, kemur þá einnig fram að í samtali við X hinn 27. október 2022 hafi V ekki kannast við að hafa hringt í neinn eftir aðstoð og liggja engin gögn fyrir nefndinni er sýni fram á annað. Hefur því ekki heldur verið mótmælt af hálfu M að allur búnaður hafi verið fyrir hendi og hægur vandi fyrir M að leita eftir aðstoð.

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því að telja að M, sem hafði á slysdegi starfað hjá X um nokkurra ára skeið, hafi gert sér grein fyrir því að tröppu vantaði á umræddan pall og að varhugavert gæti verið að stökkva niður á hann án slíkrar tröppu. Hafi hann samt sem áður tekið þá ákvörðun að stökkva án þess, að því er virðist, að leita eftir aðstoð samstarfsmanna. Verður því að telja að tjón hans verði rakið til aðgæsluleysis hans sjálfs, en ekki er sýnt fram á að skilyrði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X séu uppfyllt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 20. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir